

## Verkefnaráð

### Fundargerðir: Verkefnaráðs 10.01.2023

Upplýsingasíður um framkvæmdir inn á rvk.is .....	2
Torgið - Fræðslukerfi Reykjavíkur .....	4
Styrkjagátt.....	5
Umræður um hagfræðilegan/fjárhagslegan ábata verkefna .....	6

# Verkefnaráðsfundur 10.01.2023

<b>Verkefni</b> Verkefnaráð	<b>Yfirskrift fundar</b> Verkefnaráðsfundur 10.01.2023
<b>Dagsetning</b> 10.01.2023	<b>Staðsetning</b> Borgartún
<b>Mættir:</b> Arna Ýr Sævarsdóttir, Edda Jónsdóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Óskar Egilsson, Pröstur Sigurðsson, Stefán Viðar Grétarsson, Jón Hafstein Jóhannsson, Huguín Ösp Reynisdóttir, Georg Kristinsson, Velina Apostolova	
<b>Fjarverandi:</b> Enginn	
<b>Fundarritari:</b> Edda Jónsdóttir	

## Dagskrá fundar

Þriðjudagurinn, 10. janúar 2023, kl. 15-16, Sandholt.

15:00-15:05 Uppstilling

15:05- 15:15 Upplýsingasíður um framkvæmdir inn á rvk.is - Velina

15:15 - 15:20 Umræður

15:20 - 15: 30 Torgið - Fræðslukerfi Reykjavíkur - MOS - Huguín

15:30 - 15: 35 Umræður

15:35-15:40 - Afstilling

15:40 - 15:50 Styrkjagátt FAS - Georg og Stefán

15:50 - 15:55 Umræður

15:55 - 16:10 Umræður - Hagrænn/fjárhagslegur ávinningur verkefna - Huguín og Georg

16:10 Fundi slitið

## Upplýsingasíður um framkvæmdir inn á rvk.is

Í dag er upplýsingasíðum um framkvæmdir í borginni haldið úti á vefslóðinni: <https://reykjavik.is/framkvaemdir> á eldri vef Reykjavíkurborgar. Í þær síður er m.a vísað af QR kóðum á upplýsingaskiltum í borginni og af vef framkvæmdasjár. Þessar upplýsingar eru í dag birtar af gamla vefnum á þeim nýja í gegnum iframe. Það uppfyllir ekki kröfur borgarinnar um birtingu á vef og öryggishættur stafa af núverandi fyrirkomulagi.

Hópur á Umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar hefur unnið góða undirbúningsvinnu fyrir verkefnið. Búið er að greina hvaða efni það er sem þarf að vera á þessum síðum, hvaða virkni þarf að vera til staðar á síðunum, hvaða upplýsingar þurfa að koma fram, hvernig upplýsingarnar eru settar fram og hvernig þær stuðli að enn betri þjónustu af hálfu Reykjavíkurborgar til borgarbúa og annarra hagsmunaaðila.

Innan marka verkefnisins eru hvort tveggja upplýsingasíður um framkvæmdir sem og yfirlitssíða framkvæmda. Á upplýsingasíðunum um framkvæmdir þarf auk upplýsinga um framkvæmdina að vera tenging við kortagrunn og framsetning á framgangi framkvæmda. Á yfirlitssíðu framkvæmda þarf að vera listi yfir framkvæmdir þar sem sjá má stöðu allra framkvæmda á vegum borgarinnar, tegund framkvæmda og hverfi þar sem þær fara fram. Þá er einnig mikilvægt að hægt verði að sía út einstaka framkvæmdir eftir flokkun og fyrirfram gefnum forsendum. Innan marka verkefnisins er að auki smíði nýrra ferla um hvernig efni skuli uppfært á framkvæmdasíðum borgarinnar með það að markmiði að borgarbúar og aðrir hagsmunaaðilar geti gengið að því vísu að á vefnum séu traustar og áreiðanlegar upplýsingar. Loks er innan marka verkefnisins smíði efniseiningu fyrir framgang verkefnis (*progress steps*) en sú smíði mun nýttast einnig í öðrum verkefnum á vef borgarinnar.

Upplýsingar um framkvæmdir í borginni eru hluti af þeim grunnupplýsingum sem Reykjavíkurborg veitir til íbúa og annarra hagsmunaaðila. Það skiptir miklu máli að þessar upplýsingar séu aðgengilegar og áreiðanlegar því þær geta haft mikil áhrif á t.d. neyðarþjónustu (lögreglu, sjúkrabíla og slökkvilið) auk þess að miklir fjárhagslegir hagsmunir geta verið í húfi þegar kemur að áætluðum framkvæmdum og framkvæmdum sem eru í vinnslu í borgarlandinu.

Eins og útlistað er hér að ofan þá býður vefurinn í dag ekki upp á alla þá möguleika sem til þarf svo hægt sé að gera góðar upplýsingasíður um framkvæmdir og yfirlit framkvæmda. Verkefnið „*Upplýsingasíður um framkvæmdir inn á rvk.is*“ snýr því að eftirfarandi þáttum þremur meginþáttum:

- Hanna og setja upp nýja síðutegund sem býr yfir leitar- og síuvirkni til að notendur geti nálgast upplýsingar um framkvæmdir (t.d. eftir hverfum, tegundum, tímabilum o.fl.).
- Búa til nýja tengingu við kortasjá Framkvæmdasjár.
- Setja upp sniðmát fyrir framkvæmdasíður til að verkefnastjórar og samskiptateymi geti sett inn og uppfært upplýsingar um framkvæmdir á einfaldan og aðgengilegan hátt.

Verkefninu fylgir mikið hagræði í rekstri og viðhaldi á eldi vef borgarinnar þar sem honum er haldið uppi nær einungis vegna þess efnis sem þar er enn inni og snýr að framkvæmdum. Mikilvægt er að verkefnið fari af stað sem fyrst, þar sem góðar upplýsingasíður um framkvæmdir og yfirlit framkvæmda er eitt af lykilatriðum í komandi framkvæmdum innan borgarlandsins sem og er hluti af leiðbeiningaskyldu borgarinnar hvað lítur af málaflokknum

Áætlaður kostnaður við verkefnið er 5 – 7 milljónir króna sem er uppreiknaður kostnaður tíma þeirra fagaðila (bæði starfsfólk RVK og verktakar Rvk) sem þurfa að koma að verkefninu.

Tímalína verkefnisins er frá janúar 2023 til mars 2023.

Áætlaður ábati verkefnisins:

- Mikill tímasparnaður við innsetningu upplýsinga og uppfærslu upplýsinga
- Tryggt að Upplýsingar séu réttar, öryggis og fjárhagslegir hagsmunir
- Rekstar- og viðhaldskostnaður við eldri vef fellur niður

Nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast í fylgigögnum fundargerðar.

### Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnatillögu og leggur áherslu á að verkefnið fari sem fyrst af stað.

### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefni úthlutað til vefdeildar PON	EJ	x
2	Deildarstjóri vefdeildar fær ráðgjöf inn í verkefnið af hálfu lögfræðideildar PON hvað lítur að upplýsingaskyldu borgarinnar innan verkefnisins.	EJ	x

## Torgið - Fræðslukerfi Reykjavíkur

Verkefnið Torgið - Fræðslukerfi Reykjavíkurborgar var tekið fyrir hjá Verkefnaráði PON, sem verkefni í vanda. Ástæða þess er að deildarstjóri verkefna- og vörustýringar hjá Þjónustu- og nýsköpunarsviði tilkynnir að kostnaðaráætlun verkefnisins hafi hækkað meira frá frumkostnaðaráætlun er var kynnt var í Borgarráði þann 14. maí 2021, en frávíkareglur kveða á um.

*“Í heimildarbeiðni til að hefja útboðsferli á rafrænu fræðslukerfi fyrir Reykjavíkurborg, dags. 14. maí 2021, til borgarráðs um að hefja verkefnið kom fram að áætlaður heildarkostnaður þess samkvæmt frumkostnaðaráætlun væri 150 m.kr., þar af tilheyrðu 50 m.kr. eignasjóði. Nú þegar útboði er lokið og innleiðing er hafin hefur verið gerð ný kostnaðaráætlun sem nemur 220 m.kr., þar af tilheyr 80 m.kr. eignasjóði. Þessi fjárhæð rúmast innan fyrrnefndrar fjárfestingaráætlunar 2021-2025. Helstu ástæður fyrirséðrar hækkunar eru annars vegar að niðurstöður útboðs leiddu í ljós að lausnin sjálf var kostnaðarsamari en frumkostnaðaráætlun gerði ráð fyrir og hins vegar er fyrirséð að verkefnið mun taka lengri tíma í framkvæmd og innleiðingu en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Samþættingar við önnur kerfi eru umfangsmiklar og í upphafi innleiðingar hefur komið í ljós að skráning frumgagna í grunnkerfi borgarinnar er ábótavant, sem gerir innleiðinguna flóknari og tímafrekari en lagt var upp með í upphafi. Óskað er eftir heimild borgarráðs til að halda verkefninu áfram.”*

Raunkostnaður verkefnisins þessa stundina stendur í 60% af frumkostnaðaráætlun og fyrirséð að á næstu 6 mánuðum muni verkefnið fara fram úr þeirri áætlun. Frumkostnaðaráætlun verkefna gerir ráð fyrir umtalsverðri skekkju og því er þetta ekki óvenjulegt frávík. Unnin hefur verið uppfærð kostnaðaráætlun eitt. Ástæða hækkunar frá kynntri frumkostnaðaráætlun verkefnisins skýrist m.a. af eftirfarandi þáttum:

- Hækkun vísitölu.
- Ósamræmi í frumskráningu gagna í kerfum borgarinnar kallaði á umfangsmeiri forritunurvinnu.
- Samþætting var flóknari og tímafrekari en gert var ráð fyrir.
- Ófyrirséð var að kaupa þyrfti inn vörustjóra fyrir vöruna Torgið þar sem ekki lá fyrir í upphafi krafa eiganda þess efnis við upphaf verkefnisins.
- Verkefnastýring var dýrari en gert var ráð fyrir í upphafi. Ástæða þess var að farið var í útboð á verkefnastýringu til að flýta fyrir innleiðingu verkefnisins í stað þess að nota innri verkefnastjóra.

Verkefnið rúmast áfram innan fjárfestingaráætlunar PON. Bókun þessi er því einungis forvirk flöggun á hækkun kostnaði á milli frumkostnaðaráætlunar og kostnaðaráætlunar eitt.

### Niðurstaða Verkefnaráðs

#### Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð PON ákveður á grundvelli bókunar að verkefninu skuli vera haldið áfram en verkefnið rúmast áfram innan fjárfestingaráætlunar PON.

#### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Ákvörðun verkefnaráðs skjöluð og skráð.	EJ	

## Styrkjagátt

Verkefnið Styrkjagátt var tekið fyrir hjá Verkefnaráði ÞON, sem verkefni í vanda. Verkefnastjóri fer yfir forsögu málsins sem rakin er ítarlega í fylgigögnum þessarar fundargerðar.

Fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS) hefur farið með eignarhald og stjórnarsýslulega ábyrgð á verkefninu samkvæmt samþykkt borgarráðs. Stór hagaðili í verkefninu hefur verið Menningar- og ferðamálasvið (MOF) og er sviðið með fulltrúa í stýrihóp þess. Starfshópur var myndaður um verkefnið og áætlað var að bæði sviðin ættu fulltrúa þar. Það hefur ekki gengið sem skyldi en erfiðlega hefur gengið að manna hópinn.

Verkefnastjóri og teymisstjóri verkefnastofu hefur farið fram á að hvort svið fyrir sig þurfi að vera með fulltrúa inn í starfshópnum og að hvor fulltrúi fyrir sig þurfi að skila af sér a.m.k. 6 klukkustunda vinnu á viku svo það sé forsvaranlegt að halda verkefninu gangandi.

Viðamiklar breytingar hafa verið gerðar undanfarið með sameiningu MOF og ÍTR og mun nýtt sameinað svið skipa fulltrúa inn í starfshóp verkefnisins á komandi vikum. FAS sér hins vegar ekki fram á að geta skipað fulltrúa af sinni hálfu inn í hópinn. Ástæðu þess segir sviðið vera að tenging sé lítil sem engin við styrkjamál hjá sviðinu og engin skrifstofa á FAS hafi þekkingu sem gagnast gæti verkefninu. Þá telur sviðið að ekki sé fjárhagslegt svigrúm til að ráða inn aðila sem myndi gegna hlutverki fulltrúa sviðsins í hópnum.

Vegna þessa hafa komið upp efasemdir um að FAS sé hentugur aðili til að fara með eignarhald verkefnisins og að henni sé hugsanlega betur fyrir komið hjá ÞON líkt og í sumum öðrum þverfaglegum verkefnum.

### Niðurstaða Verkefnaráðs

Verkefnaráð ÞON leggur til að eignarhald vörunnar verði fært til ÞON og stjórnarsýsluleg ábyrgð til hvers og eins ferileiganda. Í skoðun hvort ekki þurfi vörustýringu og rekstrarkostnaður vörunnar sem og kostnaður við smíði innan vörunnar fyrir hvern og einn feril mun vera hjá ÞON og þá rukkaður í gegnum gjaldskrá. Hver og einn ferill verður skoðaður og smíðaður út frá notendamiðaðri hönnun. Ræða þarf við FAS um hvort þetta sé ásættanleg niðurstaða og ef svo er þarf FAS að tilkynna borgarráði um breytt eignarhald. Stýrihópur verkefnis þarf að taka endanlega ákvörðun og óskað er eftir að hún verði tekin saman í tillögu.

#### Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Eignarhald vörunnar fært til ÞON ef FAS samþykkir
2	Stjórnarsýsluleg ábyrgð verður hjá hverjum og einum ferileiganda
3	Fas tilkynni Borgarráði um breytt eignarhald á verkefni um Styrkjagátt

#### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefni fer á bið eftir verkefnastjóra/framleiðanda	EJ	x
2	Stafrænum leiðtoga og verkefnastjóra tilkynnt niðurstaðan og þeir kynna málið fyrir sviðstjóra og styðja við miðlun á ákvörðinni.	EJ	x

## Umraedur um hagrænan/fjárhagslegan ábata verkefna

Verkefna- og vörustýringardeild á Þjónustu- og nýsköpunarsviði hefur undanfarið unnið í því að útbúa sniðmát um fjárhagslegan ávinning af stafrænum verkefnum. Haft hefur verið samband við fjölmarga aðila innanlands, s.s. nokkur fyrirtæki sem og fjármála- og efnahagsráðuneytið og óskað eftir upplýsingum um hvernig þau áætla ábata af stafrænum verkefnum og hvort sniðmát séu fyrirbyggjandi. Auk þess var haft samband við Gartner og óskað eftir ráðgjöf um málið.

Niðurstaða skilaði engum haldbærum upplýsingum um hvernig best er að mæla hagrænan/fjárhagslegan ávinning verkefna. Nærtækasta líkanið virðist vera líkan um mat á arðsemi rafrænnar stjórnsýslu sem PricewaterhouseCoopers vann fyrir forsætisráðuneytið árið 2009 og birt var í skýrslunni *Arðsemi rafrænnar stjórnsýslu*: <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skырslur/stakt-rit/2009/09/10/Ardsemi-rafraennar-stjornsyslu-metin-med-stadalkostnadarlikaninu/>

Verkefna- og vörustýringardeild er að taka saman helstu atriði sem hægt er að mæla. Ekki er fyrir séð að það verði til eitt sniðmát sem hægt er að nota við öll stafræn verkefni, því verkefni eru af ólíkum toga og ávinningurinn af þeim mismunandi, s.s. breytt þjónusta getur falið í sér aukinn kostnað á einum stað en sparað á öðrum stað. Vinnan mun skila af sér lista yfir þá þætti sem notaðir verða til hliðsjónar þegar greining á ávinningi verkefna er gerð.

### Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð styður áframhaldandi vinnu VVD við að taka saman helstu þætti sem hægt er að mæla í tengslum við ábatagreiningu verkefna. Óskað eftir eftir kynningu þegar þeirri vinnu er lokið.

### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Hugrún og Georg halda áfram að vinna í ábatagreiningunni	EJ	

### Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn þann 02.02.2023